



Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Upphaf vinnu við fjárhagsáætlun 2023 til 2026

Dags: 27. júní 2022

Málsnúmer: 202206736/-

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Pétur Jens Lockton, fjármálastjóri

Á undanförunum árum hefur fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar sannað sig sem öflugt stjórnæki við fjármálastjórn bæjarins. Það verkferli sem stuðst hefur verið við hefur skilað árangri og skerpt á ábyrgð forstöðumanna og framkvæmdastjóra með rekstri sinna deilda. Í ljósi þess er lagt til að ferill við vinnu fjárhagsáætlunar verði með álíka hætti og síðastliðin ár og aftur byggt á þeim markmiðum sem sett voru fram í 3ja ára áætlun. Áætlunargerðin mun byggja, nú sem fyrr, á þeirri mikilvægu reynslu og þekkingu sem forstöðumenn hafa á rekstri sinna stofnana.

Afleiðingar heimsfaraldurs, aukin verðbólga og hækkandi vextir munu setja svip sinn á fjárhagsáætlun komandi árs. Til að byrja með er því lagt upp með að forstöðumenn geri drög að fjárhagsáætlun í samráði við framkvæmdastjóra miðað við eftirfarandi meginlínur:

- Fjárhagsáætlun ársins 2023 miðar við óbreytt þjónustustig frá því sem er seinni hluta þessa árs. Lögð er áhersla á að forstöðumenn og framkvæmdastjórar leggi ekki til fjölgun stöðugilda né fjármögnun nýrra verkefna eða aukinnar þjónustu nema með sérstöku samþykki bæjarstjóra og fjármálastjóra.
- Áætlun launa miðar við gildandi kjarasamninga, áætlun annars kostnaðar við spár um breytingu verðlags og gildandi samninga.
- Fyrstu drög að fjárhagsáætlun skulu miða við gildandi gjaldskrár og óbreytta innri húsaleigu.

Samhliða því sem forstöðumenn og framkvæmdastjórar vinna fjárhagsáætlun mun fjármáladeild áætla skatttekjur, fjármagnsliði og verðlagsbreytingar. Að því loknu mun fjármáladeild spá fyrir um niðurstöðu fjárhagsáætlunar 2023 og meta hvort hún sé í takt við markmið sem sett voru fram í 3ja ára áætlun og rúmist innan viðmiða sveitarstjórnarlaga um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Í framhaldi af því mun bæjarráð geta metið þörf fyrir frekari hagræðingu, breytingar á þjónustustigi og gjaldskrár.

Drög að dagskrá vinnu við fjárhagsáætlun 2023 og næstu 3 ár þar á eftir:

Júlí - ágúst	Forstöðumenn vinna fjárhagsáætlun undir stjórn framkvæmdastjóra
September	Bæjarráð fjallar um einstaka liði fjárhagsáætlunar
27. október	Bæjarráð leggur drög að fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn
1. nóvember	Vinnufundur um fjárhagsáætlun
9. nóvember	Fyrri umræða um fjárhagsáætlun í bæjarstjórn
23. nóvember	Bæjarstjórn tekur ákvörðun um útsvar 2023
7. desember	Seinni umræða um fjárhagsáætlun í bæjarstjórn

Virðingarfyllst,

Pétur J. Lockton
fjármálastjóri

Arnar Jónsson
starfandi bæjarstjóri